# AUGLÝSING

**um breytingu á gjaldskrá Selfossveitna, nr. 210/2008, með síðari breytingum.**

Samkvæmt orkulögum nr. 58/1967, með síðari breytingum, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingu á gjaldskrá Selfossveitna er öðlast gildi við birtingu í Stjórnartíðindum.

1. hluti hljóðar svo:

1. HLUTI

**Sölutaxtar, stofngjöld og innheimta.**

*I. Sölutaxtar.*

Verð er án virðisaukaskatts.

*I.a Afnot af heitu vatni.*

| **Almennir taxtar** | | **Einingar** | **Grunngjald** |
|---|---|---|---|
| H.1 | Heitt vatn um rennslismæli | | |
| | Heimili og íbúðir | kr./m³ | 185,6 |
| | Fastagjald | kr./ár | 22.158 |
| | | | |
| **H.2** | **Heitt vatn um rennslismæli** | | |
| | Stórnotendur >1“ | kr./m³ | 185,6 |
| | Fastagjald | kr./ár | 31.538 |
| **Sértaxtar** | | | |
| H.5 | Heitt vatn um hemil | | |
| | Heitt vatn um hemil | kr./mínl/ár | 51.522 |
| | Fastagjald | kr./ár | 31.538 |
| | | | |
| **H.6** | **Heitt vatn um rennslismæli** | | |
| | Almenningssundlaugar | | |
| | Sumar 1. maí - 30. september | kr./m³ | 93,7 |
| | Vetur 1. október - 30. apríl | kr./m³ | 112,7 |
| | Fastagjald | kr./ár | 55.538 |

*II. Heimæðargjöld hitaveitu.*

Almennt verð heimlagna gildir í þéttbýli á nýbyggingarsvæðum. Verðin gilda ekki þar sem búið er að ganga varanlega frá yfirborði og fullnægjandi veitulagnir ekki komnar að lóðarmörkum. Geri húseigandi breytingu á skipulagi húss frá útgefnu skipulagi sveitarfélags t.d. með því að færa til bílskúr eða annan inntaksstað ber hann til viðbótar allan kostnað við færslu eða breytingu lagna. Húseigandi sem óskar eftir breytingu eða færslu á inntaksbúnaði eða inntaksstað ber af því allan kostnað. Sama gildir um tímabundna aftengingu.

*II.a. Þéttbýlisstaðir, Eyrarbakki, Selfoss og Stokkseyri.*

Neðangreind verð gilda þar sem heildarlengd heimæðar er innan við 30 m, 2% yfirlengdargjald er tekið fyrir hvern metra. Stærð heimæðar fyrir almenna upphitun tekur mið af rúmmáli húsnæðis en stærð heimæðar fyrir aðra notkun ákvarðast af tilgreindri vatnsþörf í umsókn. Virðisaukaskattur reiknast 11% á heimæðagjöld fyrir heimæðar til húshitunar en 24% á heimæðargjöld til annarra nota.

| | Grunngjald kr. |
|---|---:|
| Heimæð, DN 20 stál eða PEX-25 | 419.722 |
| Heimæð, DN 25 stál eða PEX-32 | 616.707 |
| Heimæð, DN 32 stál eða PEX-40 | 703.947 |
| Heimæð, DN 40 stál eða PEX-50 | 842.807 |
| Heimæð, DN 50 stál | 1.396.471 |
| Heimæð, DN 65 stál | 2.303.392 |

Ein tengigrind er innifalin í hverju heimæðargjaldi. Fyrir hverja aukatengigrind greiðst 10% af heimæðargjaldi viðkomandi málstærðar. Kostnaðarverð stærri heimæða en 65 mm er reiknað sérstaklega fyrir hvert tilvik og m.a. tekið mið af flutningsgetu heimæðar, stofnæða og aðveitu.

Frostálag á gunngjald: 20%

*II. b. Holtabyggð, Tjarnabyggð, byggð við Votmúlaveg og bæir austan við Stokkseyri*

Neðangreind verð gilda þar sem heildarlengd heimæðar er innan við 70 m, 1,4% yfirlengdargjald er tekið fyrir hvern metra. Stærð heimæðar fyrir almenna upphitun tekur mið af rúmmáli húsnæðis en stærð heimæðar fyrir aðra notkun ákvarðast af tilgreindri vatnsþörf í umsókn. Virðisaukaskattur reiknast 11% á heimæðagjöld fyrir heimæðar til húshitunar en 24% á heimæðargjöld til annarra nota.

| | Grunngjald kr. |
|---|---:|
| Heimæð, DN 20 stál eða PEX-25 | 973.934 |
| Heimæð, DN 25 stál eða PEX-32 | 1.949.389 |

Ein tengigrind er innifalin í hverju heimæðargjaldi. Fyrir hverja aukatengigrind greiðst 10% af heimæðargjaldi viðkomandi málstærðar í þéttbýli. Kostnaðarverð stærri heimæða en 25mm stál/32mm PEX er reiknað sérstaklega fyrir hvert tilvik og m.a. tekið mið af flutningsgetu heimæðar, stofnæða og aðveitu.

Frostálag á grunngjald: 20%

*II. c. Bráðabirgðatengingar*

| | Grunngjald kr. |
|---|---:|
| Bráðabirgðatenging DN20 eða PEX-25 | 129.469 |

Verðið gildir fyrir tengingu við heimæðarenda sem kominn er inn fyrir lóðarmörk ásamt einni tengigrind. Við aðrar aðstæður og fyrir stærri tengingu er hún gjaldfærð í samræmi við raunkostnað. Innheimt er hefðbundið gjald fyrir notkun samkvæmt mæli á bráðabirgðatengingum.

*III. Innheimta, lokanir og sérstakar aðstæður*

| | kr. |
|---|:---:|
| Innheimtugjald | 1.938 |
| Lokunargjald | 8.451 |
| Aðstaða ekki fullnægjandi | 20.780 |

Séu starfsmenn veitunnar kallaðir til að leggja heimtaug og aðstaða uppfyllir ekki tæknilega tengiskilmála 2021 og starfsmenn þurfa frá að hverfa, hlýst af því kostnaður sem tilgreindur er í töflu hér að ofan.

*Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytinu, xx.xx.2024.*

F. h. r.

**xxxxxxxxxxx**

Formatted: Not Highlight

Formatted: Not Highlight